7.–8. nóvember í Hörpu

Stjórnun fiskveiða

– svo miklu meira en kvóti

# Tækifæri til styrkjasóknar á innlendum og erlendum vettvangi

Sigurður Óli Sigurðsson

BRIM HAMPIÐJAN HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY ICELANDAIR CARGO ISI ICELAND SEAFOOD iTUB marel Pipar\TBWA TM

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2024



# Rannís – Rannsóknamiðstöð Íslands

- Styður við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu á Íslandi
- Hefur umsjón með innlendum samkeppnisjóðum og réttindasjóðum sem styrkja rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu
- Sér um þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á þessum sviðum
- Safnar og miðlar upplýsingum með sérstaka áherslu á vísindamiðlun
- Vinnur með ráðherranefnd og Vísinda- og nýsköpunarráði að innleiðingu á opinberri vísinda- og nýsköpunarstefnu

# Rannís í hnotskurn árið 2023

**29**
innlendir sjóðir

**8**
erlendar samstarfsáætlanir

**6.800**
umsóknir

**3.400**
verkefnastyrkir

**25**
ma.kr innlendur stuðningur

**>15.000**
einstaklingar sem njóta góðs af starfinu

**> 50** viðburðir
**> 130.000** vefnotendur
**> 600** vitnanir í fjölmiðlum

**67**
starfsfólk í fimm starfseiningum

**115**
einstaklingar í **23** stjórnum

**225**
í **15** fagráðum og **300-400** sem meta umsóknir

# Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti

## Innlendir sjóðir

- Tækniþróunarsjóður
- Rannsóknasjóður

## Alþjóðlegar áætlanir og samstarf

- Horizon Europe

## Fjármálaráðuneyti

- Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

# Tækniþróunarsjóður

- Styður við þróunarstarf og rannsóknir sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.
- Styrktarflokkar:
  - Einkaleyfastyrkir
  - Hagnýt rannsóknaverkefni
  - Markaðsstyrkir
  - Fyrirtækjastyrkur Sproti
  - Fyrirtækjastyrkur Vöxtur og Sprettur
- 771 samkeppnisumsóknir 2023, árangurshlutfall 21%
- 1,7 m.kr. Til fyrsta árs en rúmlega 3 ma.kr. til 2-3 ára




SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2024

# Styrkjaflokkar Tækniþróunarsjóðs

| Yfirlit yfir flokka | Hagnýt rannsóknarverkefni | Fræ | Sproti | Vöxtur/Sprettur | Markaður |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fyrir hverja?** | **Aðalumsækjandi:** háskóli, opinber rannsóknastofnun eða opinbert hlutafélag. **Meðumsækjendur:** fyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir, opinber fyrirtæki og einstaklingar. | Fyrirtæki (5 ára eða yngri) eða einstaklingar. ATH undantekningar. | **Aðalumsækjandi**: fyrirtæki (5 ára eða yngri) eða einstaklingar. ATH undantekningar. **Meðumsækjendur**: fyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir, opinberar stofnanir/hlutafélög eða einstaklingar. | **Aðalumsækjandi:** lítið eða meðalstórt fyrirtæki. **Meðumsækjendur:** fyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir eða opinberar stofnanir/hlutafélög. | **Aðalumsækjandi:** lítið og meðalstórt fyrirtæki sem ver að lágmarki 10% af rekstrargjöldum til RÞ skv. síðasta reikningsári. **Meðumsækjendur:** fyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir eða opinberar stofnanir/hlutafélög. |
| **Tilgangur** | Öflun nýrrar þekkingar og kunnáttu til að þróa nýjar vörur, verkferla eða þjónustu eða til að koma umtalsverðum endurbótum á eldri vörum, verkferlum eða þjónustu | Undirbúningsstyrkur til verkefna á hugmyndastigi eða á frumstigi í þróun afurðar sem eru undirbúningur undir stærra þróunarverkefni. | Styrkur til ungra nýsköpunarfyrirtækja og frumkvöðla með verkefni á byrjunarstigi. | **Vöxtur** er styrkur til verkefna sem eru komin af frumstigi hugmyndar. **Sprettur** er öndvegisstyrkur til fyrirtækja með afurðir sem eru á eða nálægt markaði og með mikla möguleika á hröðum vexti á markaði á næstu 5 árum. | **Markaðsþróun** miðar að uppbyggingu markaðsinnviða fyrirtækisins og lýtur að greiningu markaðar. **Markaðssókn** miðar að sókn á skilgreinda markaði. Áhersla á framkvæmd skv. skilgreindri markaðsáætlun fyrirtækisins og á tengsl við markhópa. |
| **Styrktartímabil** | allt að 3 ár | 1 ár | 2 ár | 2 ár, dreifing upp í 3 ár | 1 ár |
| **Hámarks styrkur á ári** | 15 m. kr. | 2 m. kr. | 10 m. kr. | 25 m. kr./35 m. kr. | 10 m. kr. |
| **Mótframlag** | a.m.k. 20-25% | Ekki | Ekki | Mismunandi krafa um mótframlag umsækjenda | 50% |
| **Opið fyrir umsóknir** | Vor | Alltaf opið | Vor og haust | Vor og haust | Vor og haust |

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2024

# Tækniþróunarsjóður: úthlutanir frá 2004




SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2024

# Rannsóknasjóður

Rannsóknasjóður

- Styður við vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi.
  - Öndvegisstyrkir
  - Verkefnastyrkir
  - Nýdoktorastyrkir
  - Doktorsnemastyrkir
- 353 umsóknir bárust árið 2023, 67 styrktar, eða um 19%
- 1,1 ma.kr. til fyrsta árs, en um 3,3 ma. kr. á þremur árum




SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2024

# Horizon Europe

**Pillar 1**
Excellent Science

- **European Research Council**
- **Marie Skłodowska-Curie Actions**
- **Research Infrastructures**

**Pillar 2**
Global Challenges and European Industrial Competitiveness

**Clusters**

- **Health**
- **Culture, Creativity and Inclusive Society**
- **Civil Security for Society**
- **Digital, Industry and Space**
- **Climate, Energy and Mobility**
- **Food, Bioeconomy, Natural Resources, Agriculture and Environment**

**Joint Research Centre**

**Pillar 3**
Innovative Europe

- **European Innovation Council**
- **European innovation ecosystems**
- **European Institute of Innovation and Technology**

**Widening Participation and Strengthening the European Research Area**

- **Widening participation and spreading excellence**
- **Reforming and Enhancing the European R&I system**

# Horizon Europe – Klasi 6

**Fæðuöryggi, lífhagkerfið, náttúruauðlindir, landbúnaður og umhverfismál (Food, Bioeconomy, Natural Resources, Agriculture and Environment) - klasi 6**

Klasi 6 - fæðuöryggi, lífhagkerfið, náttúruauðlindir, landbúnaður og umhverfismál miðar að því að draga úr umhverfisspjöllum, stöðva og snúa við hnignun líffræðilegs fjölbreytileika á landi, vötnum og sjó. Fara betur með náttúruauðlindir með breytingum á efnahagslífi og samfélagi í þéttbýli og dreifbýli.

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2024

# Horizon Europe – Áfangastaðir klasa 6

1. Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi
2. Sanngjörn, heilbrigð og umhverfisvæn matvælakerfi frá frumframleiðslu til neyslu
3. Hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi
4. Hreint umhverfi og engin mengun
5. Land, haf og vatn fyrir loftslagsaðgerðir
6. Þrautseig, inngildandi, heilbrigð og græn sveita-, strand- og þéttbýlissamfélög

# Horizon 2020 – árangur Íslands

- ASCO HARVESTER EHF
- AURORA SEAFOOD EHF
- COOL WOOL EHF
- CURIO EHF
- D-TECH EHF
- ETACTICA EHF.
- FISHERIES TECHNOLOGIES EHF
- FLYGILDI EHF
- GRID EHF
- HAFRANNSOKNASTOFNUN
- HAFTECH EHF
- HASKOLI ISLANDS
- ICECAL EHF
- ICELAND PROTEIN
- ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL EHF
- ISLENSK HOLLUSTA EHF
- ISLENSKI SJAVARKLASINN EHF
- KERECIS HF.
- LIPID PHARMACEUTICALS EHF
- MARKMAR EHF
- Marorka ehf
- MARTAK EHF
- MATIS OHF
- NAUST MARINE EHF
- NAVIS EHF
- NORDURSLODAGATTIN EHF
- NY TOGHLERAHONNUN EHF
- OPTITOG EHF.
- RAFNAR EHF
- SAGANATURA EHF
- SKAGINN HF
- SKYNJAR TECHNOLOGIES EHF
- TARAMAR EHF
- THOR ICE CHILLING SOLUTIONS EHF
- TRACKWELL HF
- VALKA EHF

€20.000.000

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2024

# Horizon Europe – árangur Íslands

- ALGALIF ICELAND EHF
- FODURVERKSMIDJAN LAXA HF
- HAFRANNSOKNASTOFNUN
- ISLENSKI SJAVARKLASINN EHF
- LANDBUNADARHASKOLI ISLANDS
- LOKI FOODS EHF
- MATIS OHF
- STOFNUN VILHJALMS STEFANSSONAR
- ZETO EHF

€5.500.000

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2024

# Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

***Rannsóknir:*** Skipulegar rannsóknir eða veigamiklar athuganir sem hafa að markmiði að stuðla að nýrri þekkingu og færni við að þróa nýjar vörur, ferla eða þjónustu eða leiða til verulegra umbóta á þeim vörum, ferlum eða þjónustu sem þegar er til staðar. Þær felast í gerð íhluta í flókin kerfi, og geta falið í sér smíði frumgerða í rannsóknarstofuumhverfi eða umhverfi með viðmótshermun á fyrirliggjandi kerfum og einnig tilraunaverkefnum, þegar nauðsyn krefur vegna rannsókna og þá einkum vegna almennrar staðfestingar á tækni.

***Þróun:*** Öflun, sameining, mótun og notkun á fyrirliggjandi vísindalegri, tæknilegri, viðskiptalegri og annarri hagnýtri þekkingu og kunnáttu í því skyni að þróa nýjar eða endurbættar vörur, verkferla eða þjónustu. Þetta getur m.a. einnig tekið til starfsemi sem miðar að skilgreiningu á hugmynd, áætlanagerð og skrásetningu nýrra vara, verkferla eða þjónustu. Þróun getur falist í hönnun frumgerðar, gerð sýnisútgáfu, framkvæmd tilraunaverkefnis, prófunum og að sannreyna nýjar eða endurbættar vörur, verkferla eða þjónustu í umhverfi sem er einkennandi fyrir raunveruleg vinnsluskilyrði þar sem aðalmarkmiðið er að gera frekari tæknilegar endurbætur á ófullmótuðum vörum, verkferlum eða þjónustu. Hér getur líka verið um að ræða þróun á markaðshæfri frumgerð eða tilraunaverkefni, þegar slík frumsmíð er óhjákvæmilega endanleg markaðsvara þar sem framleiðsla á henni er of kostnaðarsöm til þess að nota eingöngu til kynningar og til að sannreyna eiginleika



* **Reglugerð nr. 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki)**

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2024

# Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

## Tvískipt ferli


Skatturinn
Ríkisskattstjóri

Greinargerð um skattfrádrátt
skv. lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki

Fylgiskjal með skattframtali rekstraraðila 2021 RSK 1.04

Heiti verkefnis skv. umsókn til Rannís | Nr. verkefnis hjá Rannís
Tegund verkefnis: Þróunarverkefni / Rannsóknarverkefni
Stærð fyrirtækis: Lítið / Meðalstórt / Stórt
Opinber birting á rannsóknarverkefni
Samstarfsverkefni

Gjaldfærður styrkhæfur kostnaður skv. framtali (sbr. og greinargerð til Rannís)

- Fyrirtæki sækja um staðfestingu á rannsókna- eða þróunarverkefni til Rannís.

- Fyrirtæki sem fá staðfestingu á rannsókna- eða þróunarverkefni eiga rétt á frádrætti á tekjuskatti. Fyrirtæki gera grein fyrir kostnaði á skattskýrslu til RSK (RSK 4.21) og þarf endurskoðandi að staðfesta uppgjörið.

- Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur, eða lögaðila er ekki ákvarðaður tekjuskattur, er frádrátturinn greiddur út.

- Sækja þarf um fyrir hvert verkefni fyrir sig

SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2024

# Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

## Staðfesting verkefna

Rannís ákvarðar hvort verkefni hlýtur staðfestingu samkvæmt lögum þessum:

Skilyrði þess að verkefni hljóti staðfestingu er að það teljist rannsóknar- eða þróunarverkefni:

1. Verkefnið er r&þ verkefni.
2. Hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind.
3. Sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. 1 millj. kr. til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili.
4. Starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

# Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki



## Umsóknafrestir

- ✓ Nýjar umsóknir – til 1. október, ár hvert
- ✓ Framhaldsverkefni – til 1. apríl, ár hvert
  - ✓ Ath! sækja má um framhaldsverkefni í formi nýs verkefnis til og með 1. október.

**Umsóknarfrestur:**

- **Umsóknarfrestur vegna nýrra verkefna:** Var 1. október 2024 klukkan 24:00.
- **Vegna framhaldsumsókna**: Umsóknafrestur fyrir framhaldsumsóknir um Skattfrádrátt rannsókna- og þróunarverkefna var 2. apríl 2024.

Ísland



# Enterprise Europe Network

Stærsta viðskipta- og tækniyfirfærslunet í heimi

# Þjónusta EEN

- Fjölþætt – sniðin að þörfum viðskiptavina
- Kortlagning styrkja
- Aðstoð við að finna samstarfsaðila
- Sérsniðin fyrirtækjastefnumót
- Fyrirtækjagreiningar
- Gagnlegar viðskiptaupplýsingar

Árangurssaga Geosilica



# Global reach – local knowledge

**3.000 specialists – 600 offices - 60 countries**




International Partnering

Business Innovation

Tailor made support on scale up

RANNSÓKNIR - NÝSKÖPUN - MENNTUN - MENNING - ATVINNULÍF

# HINGAÐ OG LENGRA

STUÐNINGUR tækni
UPPBYGGING
SAMSTARF ÞJÓNUSTA
KENNARASKIPTI FRÆÐSLA
STYRKIR listir VÍSINDI
ALÞJÓÐASAMSTARF ORKA
UPPLÝSINGAR MENNINGARÁÆTLUN
framleiðni EVRÓPUSAMVINNA
RÁÐGJÖF ÞRÓUN Háskólar
TUNGUMÁL fyrirtæki INNVIÐIR
VERÐMÆTI STARFSNÁM

## Takk fyrir!

SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2024